

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

#### *Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga.*

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 14. janúar 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu í Krossaneshaga á lóð Njarðarness 3-7, á grundvelli e-liðar, 4. gr. í samþykkt um skipulagsnefnd.

Breytingin felur m.a. í sér að byggingarreitur á lóð nr. 3-7 við Njarðarnes er lengdur um 15 m til norðvesturs.

#### *Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 1. áfanga.*

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 14. janúar 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu í Naustahverfi, 1. áfanga, á lóð Ásatúns 28-32, á grundvelli e-liðar, 4. gr. í samþykkt um skipulagsnefnd.

Breytingin felur í sér að fjöldi íbúða verður 17 í stað 12-14 áður og bílastæðum fjölga um 3 og verða 30. Lóðin stækkar um 50 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 15. janúar 2015,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. janúar 2015